

N1 hf.

Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um breytingar á eigin fé	6
Sjóðstreymi	7
Reikningsskilaaðferðir	8 - 15
Skýringar og sundurliðanir	16 - 24

N1 hf.
Kennitala 540206-2010
Dalvegur 10-14, Kópavogur

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, ásamt lánstarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins námu rekstrartekjur kr. 29.757,9 millj. á árinu 2007 samanborið við kr. 23.855,2 millj. á árinu 2006 og hagnaður ársins nam kr. 860,9 millj. samanborið við kr. 6.810,1 millj. tap árið á undan. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í lok árs 2007 kr. 20.062,7 millj. samanborið við kr. 15.113,6 millj. árið á undan. Eigið fé í árslok 2007 nam kr. 5.355 millj. samanborið við kr. -302,2 millj. árið áður.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Eignaraðild

Í upphafi og lok árs var einn hluthafi, BNT hf., sem átti allt hlutafé félagsins.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 2.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2007.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2007 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissupáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn N1 hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2008.

Bjarni Benediktsson

Einar Sveinsson

Jón Benediktsson

Halldór Jóhannsson

Óskar Garðarsson

Hermann Guðmundsson
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa N1 hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning N1 hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. mars 2008.

PricewaterhouseCoopers hf.

Gunnar Þór Ásgeirsson
endurskoðandi

Kristinn Freyr Kristinsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýringar	2007	2006
Sala		29.484.968.823	23.473.537.238
Kostnaðarverð seldra vara		<u>(22.510.171.440)</u>	<u>(18.250.216.028)</u>
Álagning af vörusölu		6.974.797.383	5.223.321.210
Aðrar rekstrartekjur		273.003.399	381.639.736
Sölu- og dreifingarkostnaður		<u>(4.147.762.617)</u>	<u>(2.618.405.967)</u>
Annar rekstrarkostnaður		<u>(1.518.778.608)</u>	<u>(1.005.491.309)</u>
		(5.393.537.826)	(3.242.257.540)
Hagnaður fyrir afskriftir og leigugjöld		1.581.259.557	1.981.063.670
Söluhagnaður (- tap)		256.788.589	(16.697.072)
Leigugjöld		<u>(707.336.956)</u>	<u>(535.463.161)</u>
Afskriftir fastafjármuna	10	<u>(288.254.000)</u>	<u>(469.034.443)</u>
		(738.802.367)	(1.021.194.676)
Rekstrarhagnaður		842.457.190	959.868.994
Hreinar fjármunatekjur (- fjármagnsgjöld)	7	76.152.788	(652.158.748)
Áhrif hlutdeildartekjur (- gjöld)		<u>43.965.429</u>	<u>(57.759.945)</u>
		120.118.217	(709.918.693)
Hagnaður fyrir skatta		962.575.407	249.950.301
Tekjuskattur	17	<u>(101.682.077)</u>	<u>(60.060.492)</u>
Hagnaður fyrir aðra liði		860.893.330	189.889.809
Niðurfærsla viðskiptavildar			
Niðurfærsla viðskiptavildar	9	0	(7.000.000.000)
Hagnaður (tap) ársins		860.893.330	(6.810.110.191)
Hagnaður (tap) á hlut (í krónum)	8	0,14	(1,08)

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýringar	31.12.2007	31.12.2006
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	9	4.523.265.960	3.165.409.304
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	2.160.263.735	1.679.877.352
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	899.881.851	668.343.010
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	391.153.071	47.209.039
		<u>7.974.564.617</u>	<u>5.560.838.705</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	12	4.720.607.756	2.561.781.346
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	13	3.599.236.978	2.925.638.492
Kröfur á tengda aðila		1.304.248.933	2.513.536.613
Handbært fé		2.464.013.830	1.551.800.240
		<u>12.088.107.497</u>	<u>9.552.756.691</u>
Eignir samtals		<u>20.062.672.114</u>	<u>15.113.595.396</u>
Eigið fé			
Hlutfé		6.000.000.000	6.300.500.000
Annað eigið fé		(645.003.685)	(6.602.722.710)
		<u>5.354.996.315</u>	<u>(302.222.710)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lántökur	15	5.521.159.874	7.065.559.939
Tekjuskattsskuldbinding	16	195.763.168	86.443.880
Aðrar skuldbindingar		31.006.500	28.226.963
		<u>5.747.929.542</u>	<u>7.180.230.782</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	18	6.581.319.016	5.077.833.522
Skuldir við tengda aðila		519.336.323	42.066.992
Næsta árs afborgun langtímaskulda	15	1.859.090.918	3.115.686.810
		<u>8.959.746.257</u>	<u>8.235.587.324</u>
Skuldir samtals		14.707.675.799	15.415.818.106
Eigið fé og skuldir samtals		<u>20.062.672.114</u>	<u>15.113.595.396</u>
Aðrar upplýsingar	19 - 21		

Skýringar á bls. 8-24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningskila.

Yfirlit um breytingar á eigin fé

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap)	Samtals
Jöfnuður 1. janúar 2006	17.311.000		2.452.557.421	1.219.474.276	3.689.342.697
Samruni við BNB ehf.	5.582.689.000		(2.452.557.421)	(1.097.074.276)	2.033.057.303
Nýtt hlutfé	700.500.000				700.500.000
Hlutdeild í endurmati ODR ehf.				96.441.057	96.441.057
Hlutdeild í leiðréttri tekjuskatts- skuldbindingu ODR ehf.				(11.453.576)	(11.453.576)
Tillag í lögbundinn varasjóð			33.452.709	(33.452.709)	0
Hagnaður ársins				334.527.089	334.527.089
Jöfnuður 31. desember 2006	6.300.500.000		33.452.709	508.461.861	6.842.414.570
Áhrif IFRS innleiðingar				(7.144.637.280)	(7.144.637.280)
Jöfnuður 1. janúar 2007	6.300.500.000		33.452.709	(6.636.175.419)	(302.222.710)
Áhrif samruna N1 hf.	47.280.169	126.280.067	12.070.042	121.376.850	307.007.128
Jöfnun ójafnaðs taps		(126.280.067)	(45.522.751)	171.802.818	0
Aukning hlutafjár	4.489.318.567				4.489.318.567
Lækkun hlutafjár	(4.837.098.736)			4.837.098.736	0
Hagnaður ársins				860.893.330	860.893.330
Jöfnuður 31. desember 2007	6.000.000.000	0	0	(645.003.685)	5.354.996.315

Sjóðstreymi ársins 2007

	Skýringar	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		860.893.330	(6.810.110.191)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	288.254.000	469.034.443
Aðrir liðir		236.999.392	7.088.984.372
Hreint veltufé frá rekstri		<u>1.386.146.722</u>	<u>747.908.624</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir		(1.158.532.649)	(387.075.496)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(249.870.452)	(292.430.258)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		747.123.598	1.048.819.009
Handbært fé frá rekstri		<u>724.867.219</u>	<u>1.117.221.879</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	10	(1.031.410.095)	(383.870.050)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	10	739.299.543	749.674.248
Keyptar óefnislegar eignir	9	(230.849.815)	0
Keypt hlutabréf		(145.492.000)	(5.600.000)
		<u>(668.452.367)</u>	<u>360.204.198</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		1.731.601.740	2.904.838.716
Afborganir langtímaskulda		(3.598.897.270)	(1.458.420.869)
Krafa/skuld við tengda aðila, breyting		2.705.517.104	(2.247.772.256)
Nýtt hlutafé		0	700.500.000
		<u>838.221.574</u>	<u>(100.854.409)</u>
Hækkun á handbæru fé		894.636.426	1.376.571.668
Handbært fé í ársbyrjun		1.551.800.240	175.228.572
Handbært fé vegna samruna		17.577.164	0
Handbært fé í lok árs		<u>2.464.013.830</u>	<u>1.551.800.240</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðar vaxtatekjur		623.205.107	352.740.244
Greiddir vextir		(973.940.994)	(541.642.374)
Greiddir skattar		0	0

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi N1 hf. er verslun með olíuvörur hverskonar, hjólbarða, varahluti í bifreiðar og aðrar neytendavörur.

N1 hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang félagsins er skráð að Dalvegi 10-14 í Kópavogi.

Félagið er með skráð skuldabréf í OMX (Kauphöll Íslands).

Stjórn félagsins samþykkti þessi ársreikningsskil til birtingar þann 31. mars 2008.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessa ársreiknings eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á öll tímabilin sem birt eru í reikningsskilunum, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur N1 hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn fylgir IFRS staðli 1, Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem ársreikningur félagsins er gerður eftir þessum stöðlum.

Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið fylgt fyrir þau tímabil sem birt eru í ársreikningnum nema annað komi fram.

Ársreikningur félagsins var gerður til samræmis við viðurkenndar reikningsskilareglur á Íslandi þangað til í árslok 2006. Þær reikningsskilareglur eru í einhverjum tilvikum frábrugðnar IFRS. Við gerð þessa ársreiknings vegna ársins 2007 þurfti því að breyta ákveðnum reikningsskilaaðferðum til samræmis við IFRS. Samanburðarfjárhæðir frá árinu 2006 hafa verið aðlagðar að þeim breytingum, þar sem það átti við.

Afstemmingar og skýringar á áhrifum af innleiðingu IFRS á eigið fé, efnahagsreikning og afkomu eru sýndar í skýringu nr. 5.

N1 hf. varð til við samruna Olíufélagsins hf., Bílanausts hf. og dótturfélaga þess í ársbyrjun 2007. Samanburðartölur ársins 2006 hafa verið aðlagðar til að gefa skýrari mynd af rekstri og efnahag ársins 2006 í samanburði við árið 2007. Áhrif samrunans á eigið fé nam samtals kr. 307 millj.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Sérstaklega er greint frá mikilvægum matsaðferðum í skýringu nr. 4.

Reikningsskilareglur sem samþykktar hafa verið af Evrópusambandinu víkja frá alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á nokkrum sviðum sem tengjast starfsemi félagsins:

Staðlar og endurbætur sem ekki hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu

IAS 23 (Viðauki), Lántökukostnaður (gildir frá 1. janúar 2009). Þar er kveðið á um að lántökukostnaður skuli eignfærður sem hluti af kostnaði við eignamyndun ef hann tengist beint kaupum, framkvæmdum eða myndun eignar sem uppfyllir tiltekin skilyrði (eign sem tekur verulegan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.) Ekki verður heimilt að gjaldfæra slíkan kostnað. Þessi viðauki hefur ekki tekið gildi og hefur ekki verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ef við á mun félagið fara eftir þessum staðli um leið og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Skýringar

Túlkunar við gildandi staðla sem ekki hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu

IFRIC 12, Samningar um þjónustuviðvinnu (gildir frá 1. janúar 2008).

IFRIC 13, Tryggðarkerfi (gildir frá 1. júlí 2008).

IFRIC 14 IAS 19, Takmörkun á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra (gildir frá 1. janúar 2008).

Staðlar og endurbætur sem samþykktar hafa verið af Evrópusambandinu og tóku gildi 2007.

IFRS staðall 7, Fjármálagerningar: skýringar, og viðauki til skýringar á IAS staðli 1, Framsetning reikningsskila - eiginfjárfirlit, setja fram nýjar reglur um skýringar til þess að bæta upplýsingar um fjármálagerninga. Þar er meðal annars gert ráð fyrir upplýsingum um hversu veruleg áhættustaða sé og um aðferðir við áhættustýringu. Þessar nýju skýringar veita upplýsingar um umfang áhættu byggt á innri upplýsingum lykilstjórnenda. Gert er ráð fyrir að skýringar séu greinargóður og veiti upplýsingar um umfang útlánaáhættu, lausafjárháættu og markaðsáhættu. Staðallinn kemur í stað IAS 30, Skýringar í ársreikningi banka og fjármála fyrirtækja og einnig í stað nokkurra ákvæða um skýringar í IAS 32, Fjármálagerningar, skýringar og framsetning. Viðbótin við IAS 1 setti fram skýringar þar sem fram komi upplýsingar um eiginfjárhlutfall og eiginfjárfýringu.

Þessir staðlar hafa veruleg áhrif á flokkun og skýringar á fjármálagerningum félagsins og hafa verið innleiddir í reikningsskilareglur félagsins.

2.2 Starfsþáttaskýrslur

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfsþáttum félagsins. Félagið skilgreinir starfseminna ekki eftir landssvæðum og birtir þar af leiðandi ekki slík yfirlit.

2.3 Óefnislegar eignir

Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa og samruna ýmissa félaga undir nafni N1 hf. og er mismunur á kaupverði og hlutdeild í eigin fé þeirra á kaupdegi. Mismunur á kaupverði og hlutdeild í eigin fé hlutdeildarféлага á kaupdegi er innifalinn í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð. Á hverjum reikningsskiladegi metur félagið hvort einhverjar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er framkvæmt virðisrýrnunarpróf um það hvort matsverð sé lægra en bókfært verð. Ef matsverð er lægra en bókfært verð þá er viðskiptavild færður niður í matsverð.

Vörumerki

Kostnaður við öflun vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með beinlínafskrift á áætluðum nýtingartíma en að hámarki 20 árum.

Skýringar

2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til félagsins og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Allar aðrar viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Hækkanir á bókfærðum fjárhæðum sem verða vegna endurmats á landi og byggingum eru færðar til hækkunar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Lækkanir sem jafnar út fyrri hækkanir sömu eignar eru færðar til lækkunar á sama endurmatsreikning meðal eigin fjár; allar aðrar lækkanir eru gjaldfærðar í rekstrarreikning. Á hverju ári er mismunur milli afskrifta sem byggðar eru á endurmetinni bókfærðri fjárhæð eignarinnar gjaldfærðar í rekstrarreikning og afskriftir sem byggðar eru á upphaflegu kostnaðarverði eignarinnar færðar af varasjóði á gangvirðissjóð meðal eigin fjár.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðaðverði þeirra og áætluðu hrakvirði sé dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Skilti og geymar	10-20 ár
Vélar og tæki	10-15 ár
Áhöld og bifreiðar	3-8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en matsverð þeirra, eru eignirnar færðar niður í matsverð.

Bókfært verð eignar er ávallt fært niður í endurheimtanlega fjárhæð ef bókfært verð er hærra en áætluð endurheimtanleg fjárhæð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.5 Fjárfestingar

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum. Hlutdeildarfélag eru félagið þar sem félagið á að jafnaði milli 20 - 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarféлага er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

Skýringar

Félagið flokkar fjárfestingar sínar í skuldabréfum og hlutabréfum í eftirfarandi flokka: cost, trading, held-to-maturity og available-for-sale. Flokkunin tekur mið af tilgangi á kaupum á fjárfestingunum. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða hana svo reglulega. Fjárfestingar sem eru keyptar í þeim tilgangi að hagnast á til skamms tíma (3 mánuðir) eru flokkaðar sem skammtíma-verðbréf meðal veltufjármuna. Fjárfestingar með föstum gjalddaga sem stjórnendur ætla og geta átt til gjalddaga eru flokkaðar sem langtímafjárfestingar meðal fastafjármuna, nema gjalddagi sem innan 12 mánaða en þá flokkast fjárfestingarnar meðal veltufjármuna. Fjárfestingar sem hafa óskilgreindan eignarhaldstíma en ætlunin er að selja þegar á þarf að halda eða ef breytingar verða á vaxtakjörum fjárfestinganna, eru flokkaðar sem available-for-sale meðal fastafjármuna nema stjórnendur hafi ákveðið að selja fjárfestingarnar innan 12 mánaða eða þörf sé fyrir hendi að gera slíkt. Þá eru fjárfestingarnar flokkaðar meðal veltufjármuna.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem félagið skuldbindur sig til þess að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innifalinn í kaupverði. Trading og available-for-sale fjárfestingar eru síðan bókfærðar á markaðsverði. Held-to-maturity fjárfestingar eru bókfærðar á kaupverði að teknu tilliti til virkra vaxta á kaupdegi. Innleystur og óinnleystur hagnaður/tap af trading fjárfestingum er færður í rekstrarreikning þegar hagnaður/tap verður til. Óinnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem available-for-sale er færður meðal eigin fjár. Matsverð (fair value) fjárfestinga er byggt á tilboðsverði eða sjóðstremmilíkönum. Matsverð óskráðra hlutabréfa er áætlað útfrá verði/hagnaði (P/E) eða verði/sjóðstremmiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Þegar available-for-sale fjárfestingar eru seldar eða færðar niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð á eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

2.6 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem félagið nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á verði sem er lægra af matsverði leigumunar og núvirði lágmarksleigugreiðslna. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt þessu hefur verið færð skuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem leigusali nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem rekstrarleiga. Leigugreiðslur eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi á leigutíma.

Þegar eignir eru teknar á rekstrarleigu eru greiðslur sem inntar eru af hendi gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

Skýringar

2.7 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við sölu varanna. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða er millifærsla á gengisbreytingum vegna innkaupa á birgðum.

2.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Kröfur eru færðar niður þegar líkindi eru á því að félagið muni ekki geta innheimt andvirði krafanna. Fjárhæð niðurfærslunnar er mismunur á bókfærðu verði og matsverði sem er núvirt væntanlegt sjóðstreymi, afvaxtað með vöxtum sambærilegra lána.

2.9 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.10 Hlutfé

Almennt hlutfé og óinnleysanlegt forgangshlutfé er flokkað sem eigið fé. Innleysanleg forgangshlutabréf eru flokkuð meðal skulda.

Kostnaður við útgáfu nýs hlutfjár, annar en í tengslum við samruna, er færður til lækkunar á innborguðu eigin fé að frádregnum tekjuskatti. Kostnaður við útgáfu hlutfjár í tengslum við samruna er færður til hækkunar á kaupverðinu.

Þegar félagið kaupir hlutfé í sjálfu sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru eyðilögð eða seld.

2.11 Lántaka

Lánsfé er upphaflega fært miðað við lánsfjárhæð að teknu tillit til lántökukostnaðar. Lánsfé er í framhaldinu fært miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu (virka vexti) og er mismunurinn á lánsfjárhæð að teknu tilliti til lántökukostnaðar og innlausnarverði færður til gjalda á lánstímanum.

Forgangshlutabréf sem eru innleysanleg á tilteknum degi og í valdi hluthafa að ákvarða það, eru flokkuð meðal langtímaskulda. Arður af slíkum bréfum er færður sem vaxtagjöld í rekstrarreikningi.

Þegar breytanleg skuldabréf eru gefin út er skuldahluti þeirra, með hliðsjón af vaxtakjörum annarra skuldabréfalána, fært sem langtímaskuld miðað við virka vexti þar til skuldabréfum er breytt í hlutfé eða þegar bréfin eru greidd upp. Mismunur á andvirði skuldabréfsins og fjárhæðinni hér að framan er færður til hækkunar á eigin fé.

2.12 Frestaður tekjuskattur

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Skýringar

2.13 Aðrar skuldbindingar (provisions)

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar félagið hefur tekið á sig skuldbindingu sem niðurstöðu liðinna atburða, líkur eru taldar á til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Félagið færir skuldbindingu af samningum þegar ávinningur af samningum er talinn minni en kostnaður við að efna samningana.

Skuldbindingar vegna rekstrarlegrar endurskipulagningar s.s. launagreiðslur til starfsmanna, sektir vegna uppsagna leigusamninga ofl. eru færðar á því tímabili þegar félagið er orðið skuldbundið til þess að inna af hendi slíkar greiðslur. Kostnaður sem tengist áframhaldandi rekstri er ekki færður fyrirfram.

2.14 Fjármálagerningar þar sem samjöfnun er beitt

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikninginn þegar fyrir liggur hvort tveggja lagalegur réttur til að jafna saman og ætlunin er að gera gerningana upp samtímis á nettógrunni.

2.15 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan félagsins hefur verið felld niður. Tekjur er færðar á eftirfarandi hátt:

(a) Sala á vöru og þjónustu

Sala á vöru hefur átt sér stað þegar áhætta og ávinningur hefur flust frá félaginu til kaupanda vörunnar. Sala á þjónustu er færð á því reikningsskilatímabili sem þjónustan er innt af hendi.

(b) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerninga sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.16 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil félagsins á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

Skýringar

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Áhættustýring er í höndum sérstakrar nefndar sem starfar beint undir stjórn. Nefndin metur og greinir áhættuþætti í nánum tengslum við einstök rekstrarsvið. Nefndin gefur út skriflegar meginreglur um áhættustýringu sem tekur á einstökum þáttum s.s. gengisáhættu, vaxtaáhættu, útlánaáhættu, notkun framvirkra samninga ofl.

3.1 Gengisáhætta

Félagið starfar í alþjóðlegu umhverfi og býr því við gengisáhættu vegna erlendra gjaldmiðla. Félagið notar framvirka samninga, í samvinnu við áhættustýringarnefnd, til þess að verjast sveiflum á öðrum gjaldmiðlum en þeim sem félagið gerir reikningsskil sín í. Áhættustýringarnefnd ber ábyrgð á áhættuvörn í hverjum gjaldmiðli og beitir í því skyni lántökum og framvirkum samningum.

3.2 Vaxtaáhætta

Afkoma félagsins og handbært fé frá rekstri er að mestu leyti óháð breytingum á markaðsvöxtum. Félagið skuldsetur sig stundum með lánum með breytilegum vöxtum en notar vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að flytja lántökur yfir í fasta vexti úr breytilegum vöxtum. Vaxtaskiptasamningar gera félaginu kleift að taka lán með breytilegum vöxtum en skipta þeim yfir í lán með föstum vöxtum á hagstæðari kjörum en ef þau hefðu verið tekin beint. Í vaxtaskiptasamningum er gerður samningur milli félagsins og annars aðila að skiptast á mismun vaxtagreiðna, oft ársfjórðungslega, milli fastra og breytilegra vaxta.

3.3 Útlánaáhætta

Félagið hefur ákveðna stefnu gagnvart því að selja vörur og þjónustu til ábyrgra aðila. Bankainnstæður félagsins eru einungis hjá viðurkenndum lánastofnunum.

3.4 Bókun fjármála- og afleiðusamninga

Breyting á matsverði afleiða eru færðar í rekstrarreikning um leið og breytingar verða á matsverði eigna og skulda sem eru varðar.

Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

3.5 Matsverð

Matsverð vaxtaskiptasamninga er reiknað út sem núvirði væntanlegs sjóðstreymis. Matsverð framvirkra gjaldmiðlaskiptasamninga er ákvarðað út frá framvirku gengi á reikningsskiladegi.

Í mati á samningum sem ekki eru viðskipti með eru notaðar margvíslegar aðferðir útfra mismunandi forsendum á reikningsskiladegi þar sem byggt er á markaðsaðstæðum. Uppgefið markaðsverð er notað fyrir langtímaskuldir. Aðrar aðferðir s.s. ýmis konar líkön og áætlað sjóðstreymi eru einnig notaðar fyrir mat á fjármálasamningum.

Nafnverð að frádregnum niðurfærslum fjárhagslegra eigna og skulda með gjalddaga innan eins árs er matsverð slíkra eigna og skulda. Matsverð fjárhagsskuldbindinga er metið útfra núvirtu sjóðstreymi miðað við markaðsvesti sem félaginu býðst á samskonar samningum.

Skýringar

4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelld er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni sem álitnið er að séu skynsamlegar miðað við aðstæður.

4.1 Mikilvægt reikningshaldslegt mat og forsendur

Félagið vinnur mat og gengur út frá forsendum varðandi framtíðina. Það reikningshaldslega mat sem af þeim leiðir mun samkvæmt skilgreiningu sjaldan vera jafngilt tengdum raunárangri. Fjallað er um það mat og þær forsendur hér á eftir sem fylgir umtalsverð hætta á að muni valda efnislegri leiðréttingu á bókfærðum fjárhæðum eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs.

(a) Áætluð virðisrýmun viðskiptavildar

Félagið prófar árlega hvort viðskiptavild hafi orðið fyrir einhverri virðisrýrnun í samræmi við reikningsskilaaðferðina sem tilgreind er í skýringu 2.3.

Skýringar

5. Yfirfærsla í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

5.1 Grundvöllur yfirfærslu

5.1.1 Beiting IFRS 1

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2007 eru fyrstu reikningsskil félagsins sem gerð eru til samræmis við IFRS. Þessi ársreikningur er gerður til samræmis við aðferðir sem lýst er í kafla 2.1 hér að framan.

Yfirfærsludagur N1 hf. er 1. janúar 2006. Félagið gerði opnunarefnahagsreikning sinn miðað við þann dag. Reikningsskil þessi miðast við 31. desember 2007. Upptökudagur IFRS er 1. janúar 2007.

Við gerð þessa ársreikningsskila ber félaginu að meta allar eignir og skuldir afturvirktil til samræmis við IFRS.

5.1.2 Undanþágur sem ber að fylgja

Reikningshaldslegt mat samkvæmt IFRS miðað við 1. janúar 2006 skal vera til samræmis við það mat sem átti sér stað samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum nema vísbendingar séu um að það mat hafi verið rangt miðað við þær upplýsingar sem til staðar voru þá.

5.2 Afstemmingar milli IFRS og fyrri reikningsskilaaðferða

Afstemming eigin fjár	31/12 2006
Eigið fé (áður birt)	6.842.414.570
Breyting á mati óefnislegra eigna	(7.000.000.000)
Breyting á afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna	(183.799.019)
Breyting á birgðamati	(5.379.553)
Breyting á mati viðskiptakrafna	12.791.645
Breyting á frestuðum tekjuskatti	31.749.647
Eigið fé samkvæmt IFRS	(302.222.710)

5.2.1 Skýringar á áhrifum innleiðingar IFRS

Heildaráhrif breytinganna eru þau að eigið fé lækkar um kr. 7.144,6 millj. Breytingarnar á eigin fé eru sýndar fyrir frádrátt tekjuskatts.

5.2.2 Óefnislegar eignir

Viðskiptavild var metin með virðisrýmunarprófi í samræmi við viðurkenndar aðferðir IFRS m.v. árslok 2006.

Viðskiptavildin stóðst ekki virðisrýmunarpróf miðað við gefnar forsendur og því nauðsynlegt að færa bókfært verð hennar niður. Heildar áhrif til lækkunar á eigið fé vegna þessa er kr. 7.000 millj.

5.2.3 Varanlegir rekstrarfjármunir

Líftími og hrakvirði varanlegra rekstrarfjármuna voru endurmetin. Áður færðar afskriftir voru bakfærðar og afskriftir reiknaðar upp á nýtt þar sem hrakvirði rekstrarfjármuna var dregið frá bókfærðu verði og línulegar afskriftir reiknaðar m.t.t. líftíma. Samanlögð áhrif þessar breytinga voru kr. 183,8 millj. hækkun afskrifta ársins 2006.

Skýringar

5.2.4 Dótturfélag fært út

N1 hf. á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. N1 hf. á þó engan stjórnarmann í stjórn félagsins. Skv IAS 27 þarf N1 hf. ekki að taka Olíudreifingu ehf. inn í samstæðu sína. Áhrif þessi á eigið fé eru engin þar sem N1 hf. beitir áfram hlutdeildaraðferð á afkomu Olíudreifingar ehf.

5.2.5 Birgðir

Samkvæmt IAS 2 er matsverð birgða breytt þannig að stuðst er við kostnaðarverð eða hreint söluvirði hvort sem lægra reynist. Sökum þessa var bókfært verð lagers fært niður um kr. 5,4 millj. á árinu 2006.

5.2.6 Viðskiptakröfur

Mati á viðskiptakröfum hefur verið breytt þannig að tillit er tekið til núvirðis þeirra þegar greiðslufrestur krafna er lengri en almennt tíðkast í viðskiptum félagsins. Vegna þessa var niðurfærslureikningur viðskiptakrafna lækkaður um kr. 12,8 millj. á árinu 2006.

5.2.7 Afstemming afkomu ársins 2006.

Rekstrarreikningur ársins 2006	Áður birt	Breytingar vegna IFRS	IFRS
Sala	24.500.227.412	(1.026.690.174)	23.473.537.238
Kostnaðarverð seldra vara	<u>(19.056.927.897)</u>	806.711.869	<u>(18.250.216.028)</u>
Álagning af vörusölu	5.443.299.515		5.223.321.210
Aðrar rekstrartekjur	578.516.782	(196.877.046)	381.639.736
Sölu- og dreifingarkostnaður	(2.618.405.967)		(2.618.405.967)
Annar rekstrarkostnaður	<u>(1.046.200.073)</u>	40.708.764	<u>(1.005.491.309)</u>
	(3.086.089.258)		(3.242.257.540)
Hagnaður fyrir afskriftir og leigugjöld	2.357.210.257		1.981.063.670
Söluhagnaður (tap)	(16.697.072)		(16.697.072)
Leigugjöld	(535.463.161)		(535.463.161)
Afskriftir fastafjármuna	<u>(542.960.586)</u>	73.926.143	<u>(469.034.443)</u>
	(1.095.120.819)		(1.021.194.676)
Rekstrarhagnaður	1.262.089.438		959.868.994
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	<u>(908.346.700)</u>	198.428.007	<u>(709.918.693)</u>
Hagnaður fyrir skatta	353.742.738		249.950.301
Tekjuskattur	(65.932.364)	5.871.872	(60.060.492)
Hagnaður eftir skatta og fyrir áhrif minnihluta	287.810.374		189.889.809
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga	46.716.715	(46.716.715)	0
Hagnaður fyrir aðra liði	<u>334.527.089</u>		<u>189.889.809</u>
Niðurfærsla viðskiptavildar	0	(7.000.000.000)	(7.000.000.000)
Hagnaður (tap) ársins	<u>334.527.089</u>		<u>(6.810.110.191)</u>

Skýringar

5.2.8 Afstemmingar eigin fjár 31. desember 2006.

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Áður birt	Breytingar vegna IFRS	IFRS
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	10.165.409.304	(7.000.000.000)	3.165.409.304
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.595.575.834	(2.915.698.482)	1.679.877.352
Eignarhlutir í tengdum félögum	0	668.343.010	668.343.010
Eignarhlutir í öðrum félögum	48.541.563	(1.332.524)	47.209.039
	<u>14.809.526.701</u>		<u>5.560.838.705</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	2.712.864.685	(151.083.339)	2.561.781.346
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	3.046.453.606	(120.815.114)	2.925.638.492
Kröfur á tengda aðila	2.513.536.613	0	2.513.536.613
Handbært fé	1.565.898.076	(14.097.836)	1.551.800.240
	<u>9.838.752.980</u>		<u>9.552.756.691</u>
Eignir samtals	<u>24.648.279.681</u>		<u>15.113.595.396</u>
Eigið fé			
Hlutfé	6.300.500.000	0	6.300.500.000
Lögbundinn varasjóður	33.452.709	0	33.452.709
Óráðstafað eigið fé	508.461.861	(7.144.637.280)	(6.636.175.419)
Eigið fé samtals	<u>6.842.414.570</u>		<u>(302.222.710)</u>
Hlutdeild minnihluta	523.568.906	(523.568.906)	0
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lántökur	8.355.688.251	(1.290.128.312)	7.065.559.939
Tekjuskattsskuldbinding	292.489.675	(206.045.795)	86.443.880
Aðrar skuldbindingar	28.226.963		28.226.963
	<u>8.676.404.889</u>		<u>7.180.230.782</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	5.367.713.324	(289.879.802)	5.077.833.522
Skuld við tengda aðila	42.066.992		42.066.992
Næsta árs afborgun langtímalána	3.196.111.000	(80.424.190)	3.115.686.810
	<u>8.605.891.316</u>		<u>8.235.587.324</u>
Skuldir samtals	17.282.296.205		15.415.818.106
Eigið fé og skuldir samtals	<u>24.648.279.681</u>		<u>15.113.595.396</u>

Skýringar

6. Upplýsingar um starfsþætti

Árið 2007	Fyrirtækjasvið	Neytendasvið	Önnur svið	Samtals
Sala	15.286.718.691	13.768.553.703	429.696.429	29.484.968.823
Rekstrargjöld	<u>(13.702.672.588)</u>	<u>(12.189.285.256)</u>	<u>(2.750.553.789)</u>	<u>(28.642.511.633)</u>
Rekstrarhagnaður	1.584.046.103	1.579.268.447	(2.320.857.360)	842.457.190
Fjármagnsgjöld, nettó				120.118.217
Hagnaður fyrir skatta				962.575.407
Tekjuskattur				<u>(101.682.077)</u>
Hagnaður ársins				<u>860.893.330</u>

Árið 2006	Fyrirtækjasvið	Neytendasvið	Önnur svið	Samtals
Sala	10.814.944.227	12.658.593.011	0	23.473.537.238
Rekstrargjöld	<u>(9.826.326.076)</u>	<u>(11.189.400.163)</u>	<u>(1.497.942.005)</u>	<u>(22.513.668.244)</u>
Rekstrarhagnaður	988.618.151	1.469.192.848	(1.497.942.005)	959.868.994
Fjármagnsgjöld, nettó				(709.918.693)
Hagnaður fyrir skatta				249.950.301
Tekjuskattur				(60.060.492)
Niðurfærsla viðskiptavildar				<u>(7.000.000.000)</u>
Tap ársins				<u>(6.810.110.191)</u>

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2007	2006
Vaxtatekjur	623.484.831	352.740.244
	<u>623.484.831</u>	<u>352.740.244</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.404.154.555)	(754.699.300)
Gengismunur	856.822.512	(250.199.692)
	<u>(547.332.043)</u>	<u>(1.004.898.992)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	43.965.429	(57.759.945)
	<u>43.965.429</u>	<u>(57.759.945)</u>
Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>120.118.217</u>	<u>(709.918.693)</u>

Skýringar

8. Hagnaður (tap) pr. hlut

Hagnaður (tap) pr. hlut er reiknaður út með því að deila vegnum meðalfjölda útistandandi hluta (eigin hlutir ekki með) upp í hagnað (tap) ársins.

	2007	2006
Hagnaður (tap) ársins	860.893.330	(6.810.110.191)
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	6.000.000.000	6.300.500.000
Hagnaður (tap) pr. hlut (grundvallar)	0,14	(1,08)

Hvorki er um að ræða kaupréttarsamninga né breytanleg skuldabréf að ræða hjá félaginu. Því er engin þynning á hagnað pr. hlut.

9. Óefnislegar eignir

	Vörumerki	Viðskiptavild	Samtals
Miðað við 1. janúar 2006			
Áhrif samruna BNB ehf. og Olúfélagsins ehf.	0	10.165.409.304	10.165.409.304
Niðurfærsla viðskiptavildar	0	(7.000.000.000)	(7.000.000.000)
Bókfært verð 31/12 2006	0	3.165.409.304	3.165.409.304

Miðað við 1. janúar 2007

Bókfært verð 1/1 2007	0	3.165.409.304	3.165.409.304
Áhrif samruna N1 hf.	0	1.127.006.841	1.127.006.841
Viðbót ársins	230.849.815	0	230.849.815
Bókfært verð 31/12 2007	230.849.815	4.292.416.145	4.523.265.960

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir, skilti og geymar	Innréttingar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Miðað við 1. janúar 2006			
Kostnaðarverð	1.083.308.688	2.001.465.895	3.084.774.583
Uppsafnaðar afskriftir	(145.088.024)	(703.859.853)	(848.947.877)
Bókfært verð 1/1 2006	938.220.664	1.297.606.042	2.235.826.706

Staða 31. desember 2006

Bókfært verð 1/1 2006	938.220.664	1.297.606.042	2.235.826.706
Viðbætur	355.749.731	276.016.082	631.765.813
Selt og niðurlagt á árinu	(705.016.533)	(13.664.191)	(718.680.724)
Afskriftir	(127.269.461)	(341.764.982)	(469.034.443)
Bókfært verð 31/12 2006	461.684.401	1.218.192.951	1.679.877.352

Miðað við 1. janúar 2007

Kostnaðarverð	734.041.886	2.263.817.786	2.997.859.672
Uppsafnaðar afskriftir	(272.357.485)	(1.045.624.835)	(1.317.982.320)
Bókfært verð 1/1 2007	461.684.401	1.218.192.951	1.679.877.352

Staða 31. desember 2007

Bókfært verð 1/1 2007	461.684.401	1.218.192.951	1.679.877.352
Viðbætur vegna samruna	0	220.731.532	220.731.532
Viðbætur	589.406.704	441.173.086	1.030.579.790
Selt og niðurlagt á árinu	(456.154.176)	(26.516.763)	(482.670.939)
Afskriftir	(21.149.874)	(267.104.126)	(288.254.000)
Bókfært verð 31/12 2007	573.787.055	1.586.476.680	2.160.263.735

Vátryggingaverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna nemur kr. 1.781,3 millj.

Skýringar

11. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Olíudreifing ehf.	60,0%	666.000.000	712.308.439
Staðarskáli ehf.	100,0%	23.450	184.615.000
Olíustöðin Helguvík ehf., Reykjanesbæ	50,0%	1.000.000	1.524.578
Fjölver ehf., Reykjavík	33,3%	100.000	631.413
Vatnsdalur ehf.	50,0%	500.000	500.000
Innhaf ehf., Reykjavík	48,0%	240.000	302.421
Samtals hlutdeildarfélög		<u>667.863.450</u>	<u>899.881.851</u>

N1 hf. eignaðist öll hlutabréf í Staðarskála ehf. í lok árs 2007. Rekstur Staðarskála ehf. á árinu 2007 hefur því ekki áhrif á afkomu N1 hf. og efnahagur hefur óveruleg áhrif. Stefnt er að samruna félaganna frá 1. janúar 2008.

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Icelandair Group hf.	1,28%	12.844.600	358.364.647
Metan hf.	14,91%	7.000.000	7.531.863
EAK ehf.	33,33%	6.000.000	6.000.000
Eignarhlutar í 14 öðrum félögum	-	-	19.256.561
Samtals önnur félög		<u>19.678.616</u>	<u>391.153.071</u>
Samtals hlutabréf í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum			<u><u>1.291.034.922</u></u>

12. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	2007	2006
Fljótandi	2.753.866.521	2.054.035.960
Þurrvara	574.593.380	507.745.386
Varahlutir	783.496.894	0
Hjólbarðar	426.807.394	0
Mótorhjól	181.843.567	0
	<u>4.720.607.756</u>	<u>2.561.781.346</u>

Vátryggingarverð vörubirgða móðurfélagsins er kr. 3.189 millj. í lok desember 2007. Hlutdeildarfélag N1 hf., Olíudreifing ehf., tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru ekki meðtaldar í ofangreindu vátryggingaverðmæti.

Skýringar

13. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2007	2006
Viðskiptakröfur	3.690.595.848	2.654.370.069
Skuldabréfaeign	16.476.556	2.661.150
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(226.136.682)	(158.328.631)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>3.480.935.722</u>	<u>2.498.702.588</u>
Fyrirframgreidd laun	2.344.122	17.544.295
Fyrirframgreiddur kostnaður	77.536.867	73.404.892
Aðrar skammtímakröfur	38.420.267	335.986.717
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>3.599.236.978</u>	<u>2.925.638.492</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Breyting niðurfærslureiknings greinist þannig:

	2007	2006
Frá fyrra ári	183.940.686	185.049.060
Áhrif upptöku IFRS	0	(12.791.645)
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(68.241.975)	(93.928.788)
Framlag í afskriftareikning	110.437.971	80.000.004
	<u>226.136.682</u>	<u>158.328.631</u>

14. Afleiðugerningar

N1 hf. gerir framvirka samninga um kaup á olfu og erlendum gjaldeyri til að verja sig gegn gengissveiflum. Staða á samningum á hverjum tíma er færð upp í gangverð.

	2007	2006
Samningar með neikvætt markaðsverð:		
Gjaldeyrisskiptasamningar	394.705.605	76.529.954
Framvirkir afurðasamningar	51.724.462	0
	<u>446.430.067</u>	<u>76.529.954</u>

Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning.

Samningsfjárhæðir opinna framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga þann 31.12.2007 voru samtals kr. 4.211,3 millj. og samningsfjárhæðir opinna framvirka afurðasamninga þann 31.12.2007 voru samtals kr. 926,5 millj.

Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningi og vaxtaskiptasamningi eigna- og skuldamegin er jafnað saman og nettófjárhæðin færð til eignar í efnahagsreikningi í samræmi við skýringu 2.14.

Skýringar

15. Langtímaskuldir

	2007
Skuldir í íslenskum krónum:	
Óverðtryggðar skuldir	1.859.090.918
Verðtryggðar skuldir	5.521.159.874
Langtímaskuldir samtals	<u>7.380.250.792</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok desember 2007 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2008	1.859.090.918
Árið 2011	5.521.159.874
	<u>7.380.250.792</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 7.380.250.792 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2008, meðal skammtímaskulda	1.859.090.918
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	5.521.159.874
	<u>7.380.250.792</u>

16. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:

	31.12.2007	31.12.2006
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	86.443.880	148.783.388
Áhrif vegna samruna N1 hf.	50.255.075	(122.400.000)
Áhrif samsköttunar við móðurfélag	36.910.117	0
Áhrif upptöku IFRS	0	(31.749.647)
Gjaldfærður tekjuskattur	101.682.077	91.810.139
Tekjuskattur til greiðslu 2008 vegna 2007	(79.527.981)	0
	<u>195.763.168</u>	<u>86.443.880</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:

	31.12.2007	31.12.2006
Varanlegir rekstrarfjármunir	188.007.251	62.011.299
Viðskiptakröfur	(8.231.494)	(2.283.376)
Vörubirgðir	6.869.158	22.657.446
Aðrir liðir	9.118.253	4.058.511
	<u>195.763.168</u>	<u>86.443.880</u>

17. Tekjuskattur

	2007	2006
Frávík reiknað tekjuskatts frá almennu skattstigi á Íslandi (18%) greinist þannig:		
Hagnaður fyrir skatt	962.575.407	249.950.301
Reiknaður tekjuskattur (18%)	173.263.573	44.991.054
Mótttekinn arður	0	(27.864.000)
Áhrif vegna upptöku IFRS	0	42.933.438
Áhrif samruna N1 hf.	(71.581.496)	0
	<u>101.682.077</u>	<u>60.060.492</u>

Skýringar

18. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2007	31.12.2006
Viðskiptaskuldir	1.415.900.813	812.782.570
Erlend farmalán	2.761.503.162	2.360.916.964
Skuldir við hið opinbera	1.239.024.681	1.412.696.754
Framvirkir gengisskiptasamningar	446.430.067	76.529.954
Aðrar skammtímaskuldir	718.460.293	414.907.280
	<u>6.581.319.016</u>	<u>5.077.833.522</u>

19. Veðsetningar, ábyrgðarskuldbindingar og aðrir skuldbindandi samningar

Félagið hefur yfirtekið ábyrgðir Bílanausts hf. vegna fyrrum dótturfélags hins síðarnefnda, AT Toolcentre Ltd. að fjárhæð um GBP 3 millj.

Viðskiptakröfur og birgðir eru veðsettar að fjárhæð 1.736,5 millj. kr.

N1 hf. hefur gengist undir sjálfsskuldarábyrgð að fjárhæð 2.431,7 millj. kr. vegna móðurfélagsins síns BNT hf.

20. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

Laun og tengdar greiðslur	2.457.476.059
Launatengd gjöld, dagpeningar og annar starfsmannakostnaður	361.245.411
Samtals	<u>2.818.721.470</u>

Laun og þóknunir til stjórnar og forstjóra greinast þannig:

Hermann Guðmundsson, forstjóri	28.089.124
Bjarni Benediktsson, stjórnarformaður	6.430.804
Einar Sveinsson, stjórnarmaður	3.000.000
Halldór Jóhannsson, stjórnarmaður	800.000
Jón Benediktsson, stjórnarmaður	800.000
Óskar Garðarsson, stjórnarmaður	600.000
	<u>39.719.928</u>

21. Þóknun til endurskoðenda

	2007	2006
Endurskoðun ársreiknings	8.517.149	5.737.580
Könnun árschlutareiknings	2.959.025	644.550
Önnur þjónusta	6.068.146	7.202.916
	<u>17.544.320</u>	<u>13.585.046</u>